

# Fer næsti Bieber í steininn?

● Reglur um hugverka- og höfundarrétt kunna að draga úr framþróun og nýsköpun ● Neytendur greiða fyrir dýr dómsmál milli fyrirtækja ● Flóknar siðferðilegar spurningar s.s. hvort lögin geri skynsamlegt fólk að glæpamönnum

Ásgeir Ingvarsson  
ai@mbl.is

Um allan heim geisar hörð barátta um framtíð höfundar- og hugverkaréttar. Reglulega berast fréttir af vígvellinum: ung hugbúnaðarfyrirtæki í Bandaríkjunum sem eru í hættu vegna vafasamra eignarréttarkrafa svokallaðra „Einkaleyfatrölla“; bændur sem missa allt sitt í dómsmálum þegar frá með einkaleyfavörðum erfðabreytingum dreifast með vindi yfir á plantekjur þeirra; venjulegt fólk sem þarf að greiða tónlistarútgáfendum háar bætur fyrir að hafa hlaðið niður nokkrum popplögum.

Smári McCarthy er einn stofnenda Félags um stafrænt frelsi á Íslandi og hefur haldið fyrirlestra um höfundar- og hugverkamál. Hann segir margt bogið við núverandi fyrirkomulag, að það valdi verulegum skaða og fái ef nokkrir hagnast á þeirri umgjörð sem í dag er um höfundar- og hugverkarétt. „Höfundar- og hugverkaréttur á sér um 300 ára sögu, og varð fyrst til með tilkomu prentatækninnar. Á ýmsum tímum og í ýmsum myndum hafa reglur um verndun höfundar- og hugverkaréttar verið mjög eðlilegar og jákvæðar, en það má deila um hvort þessar reglur eiga við í dag,“ segir hann.

## Hvað stuðlar að framþróun?

En það getur verið erfitt að skilja kostnaðinn við það regluhverfi sem við búum við í dag, og eins er ekki að því hlaupið að skilja rökin á bak við það að minnka eða jafnvel afnema höfundar- og hugverkarétt. Ef lögin veittu ekki slíka vernd, og þær tekjur sem verndinni fylgja, myndu þá ekki listamenn hafa minni hvata til að auðga líf okkar með nýrri list? Myndu ekki lyfjafyrirtækin hafa minni getu til að framleiða ný lyf? Myndi ekki hvatinn vera minni fyrir menn eins og Bill Gates að framleiða forrit sem auðvelda okkur öllum lífið?

Smári segir gott að byrja á að skoða dæmi um þau svið þar sem höfundar- og hugverkaréttur er ekki til staðar: „Til dæmis er ekki hægt að fá einkaleyfi á mataruppskriftum. Samt eru veitingastaðir og söluturnar á hverju horni, Gestgjafinn kemur út í hverjum mánuði og Martha Stewart kemur út í hverjum mánuði og Martha Stewart graðir vel á sjónvarpsþáttum sínum. Sama gildir í tiskugeiranum, að ekki er hægt að fá einkaleyfi á sniðum og fatahönnun, samt er tiskugeirinn mun stærrí hugverkaverndaðir geirar,“ segir Smári. „Ég held að allir geti séð að enginn myndi graða á því ef hægt væri að hafa einkaleyfi á tisku: fötin sem við myndum þurfa að klæðast væru ljótari, lélegri og til muna dýrari og jafnvel framleiðendur myndu flestir hafa minna upp úr krafsinu. Þó að ekki sé hægt að eiga einkaleyfi á uppskriftum eru mörg stöndugustu fyrirtæki heims að selja tilbúna matvöru. Martha Stewart getur ekki selt uppskriftir, en hún selur umgjörðina utan um uppskriftirnar: skemtilega þætti, fræðandi tímarit og alls kyns tengdan varning.“

## Betri leiðir bannaðar?

Þegar hugverka- og höfundarréttarkerfið er skoðað segir Smári að það komi svo oftan en ekki í ljós að ávinningurinn fer ekki til þess sem skapar. „Þeir sem koma fram í fjölmiðlum og lýsa miklum áhyggjum yfir ólöglegu niðurhali tónlistar og kvikmynda eru iðulega ekki fulltrúar listamanna, heldur fulltrúar milliliða milli listamanns og neytanda. Þessir milliliðir standa vörð um sitt gamla viðskiptalíkan, og hafa raunar komið því til leiðar að illmögulegt er að þróa ný og sennilega betri viðskiptalíkon,“ segir Smári. „Mjög skýrt dæmi er íslenska vefsíðan Gogoyoko, sem hefur það viðskiptamódel að streyma tónlist ókeypis til neytenda, með leyfi listamannsins. Listamaðurinn fær þá beint í sinn vasa 100% af öllum sölutekjum af seldum lögum, en Gogoyoko hefur auglýsingatekjur af þeirri umferð notenda sem heimsækja síðuna til að hlusta á ókeypis tónlist. Það



Morgunblaðið/Sigurgeir S.

**Gróði?** „Gerðar hafa verið rannsóknir á tekjumöguleikum annarra viðskiptalíkana fyrir útgáfu bóka og kvikmynda og benda þær til að markaðurinn þyrfti ekki að vera síðri þó hugverka- og höfundarréttur væri tekinn út úr dæminu,“ segir Smári McCarthy um tækifærin fyrir nýja nálgun.

kom þá upp að samtök höfundarréttareigenda vildu að Gogoyoko greiddi höfundarréttargjöld af tónlistinni sem var verið að gefa, og gildi þá einu þó að höfundar tónverkanna hefðu gefið leyfi sitt fyrir öðru. Gildir líka einu þó að þetta nýja módel geti líklega skilað listamanninum mun meiri tekjum, enda vilja gömlu milliliðirnir ekki missa sitt,“ segir Smári og bætir við að algengt sé fyrir meðlim hljómsveitar að fá í sinn hlut um 1-2% af söluverði plötu út úr búð.

Ekki nóg með að listamenn geti haft fjárhagslegan ávinning af viðskiptamódelum sem eru án höfundar- og hugverkaverndaðar, heldur getur lögreglan orðið til þess að hægja á framþróun listanna. Það sé raunin að ný list byggist á þeirri gömlu, og besta listin fær oft lánuð stef og búta og færir í nýjan búning. „Sum tilvikin eru hreint lygileg, eins og lagið „Bitter Sweet Symphony“ eftir Verve. Það lag var byggt á útfærslu Andrew Oldham á Rolling Stones-laginu „The Last Time“. Þegar lag Verve sló í gegn kærðu Rolling Stones, unnu málið og eignuðust allan flutningsrétt á „Bitter Sweet Symphony“. Það sem gerir málið enn skrítnara var að lag Stones var svo byggt á enn eldra lagi frá fyrri hluta síðustu aldar,“ segir Smári en liðsmenn Verve göntuðust með það þegar dómurinn lá fyrir að „Bitter Sweet Symphony“ væri besta lag sem Mick Jagger og Keith Richards hefðu samið í 20 ár, en Rolling Stones hafði þá ekki komið lagi á breska metsölu-listann síðan þeir sendu frá sér „Brown Sugar“.

## Tröllin éta frumkvöðlana

Úr hugbúnaðargeiranum nefnir Smári dæmi af stórtækum fyrirtækjum sem stunda það eitt að safna saman hug-

verkaréttindum og senda svo út málshöfðanir. „Eitt frægasta dæmið af þess háttar „Einkaleyfatröllum“ er dularfullt skúffufyrirtæki í Texas, sem eignast hefur ógrynni af einkaleyfum. Þetta fyrirtæki framleiðir ekkert, en aflar góðra tekna með því að senda út kröfur á alla þá sem mögulega kunna að hafa brotið gegn einhverjum einkaleyfum þeirra. Starfsemi þess fyrirtækis og margra af sömu sort minni á skipulagða glæpastarfsemi og fjárkúgun, og er óneitanlega að verða til þess að gera alla nýsköpun þunglamalegri og erfðari. Litlir og nýir aðilar á markaði geta ekki staðið í dýrum málaferlum og eftir standa aðeins stóru risarnir. Neytandinn fær svo á endanum reikninginn.“

En hvað þá með t.d. kvikmynda- og bókaeiran? Væri J.K. Rowling ekki slypp og snauð ef hver sem er hefði getað afritað *Harry Potter*-bækurnar? Hefði James Cameron framleitt rándýra mynd eins og *Avatar* ef hver sem er hefði svo getað tekið myndina til sýningar án þess að greiða krónu fyrir? „Gerðar hafa verið rannsóknir á tekjumöguleikum annarra viðskiptamóðela fyrir útgáfu bóka og kvikmynda og benda þær til að markaðsmöguleikar þyrfti ekki að vera síðri þó að hugverka- og höfundarréttur væri tekinn út úr dæminu. Jafnvel þó að nokkrir einstakir listamenn hagnist verulega á núverandi fyrirkomulagi bendir margt til að í annars konar kerfi myndu þessir sömu listamenn hagnast ágætlega, en um leið myndu líka fleiri listamenn aðrir njóta meira góðs af verkum sínum og litlu aðilarnir sækja meira á en stóru „blockbusterarnir.“

## Glæpamaðurinn Bieber

Þeir sem vilja draga úr hugverka- og höfundarrétti hafa litla ástæðu til hjartsýni því sótt er að úr öllum áttum. „Nú síðast var að koma fram frumvarp í Bandaríkjunum, sem þó virðist sem betur fer ætla að takast að stöðva. Það frumvarp ef það yrði að lögum, myndi ganga svo langt í höfundarverndinni að það gæti gert stórfyrirtækin n.v. einráð um að skipa netveitum að loka fyrir aðgang að tilteknum vefsvæðum vegna minnsta gruns um höfundarréttarbrot. Þetta kerfi væri þá utan dómstóla og án nokkurs eftirlits eða yfirsýnar og gæti þýtt endalok síða eins og YouTube,“ segir Smári. „Mörgum þykir það kannski huggun harmi gegn að slík löggjöf gæti orðið til þess að næsti Justin Bieber færi beint í fangelsi fyrir höfundarréttarbrot. En ferill Biebers fór einmitt á flug þegar umboðsmaður rakst á ábreiðuútgáfu stráksa af vinsælum lögum sem hann hafði sett á YouTube.“

**Krúttíð** Hjartaknisarinn Justin Bieber á YouTube mikið að þakka. Umboðsmaður uppgötvaði stráksa þegar hann sá myndskild þar sem Justin flutti ábreiður. Vestanhafs er svo hart sótt fram í að verja og útvíkka höfundarrétt að gæti drepið miðla eins og YouTube og þýtt að „næsti Bieber“ verði ekki að poppstjörnu heldur glæpamanni.

Flóknar og djúpar lykilsurningar

## Mætti afrita banana?

Umráðan um höfundar- og hugverkarétt er flókin og marghliða. Smári segir þó vert að hafa að leiðarljósi nokkrar grunnspurningar.

„Fyrst ber að nefna það sjónarmið að í afritun felist ekki þjófnaður. Ef ég afrita



blíinn þinn er ég ekki að taka af þér bílinn, heldur að búa til nýjan. Hugverk eru þeim eiginleikum gædd að þau má afrita með þessum hætti, eru því á vissan hátt ótakmörkuð auðlind, og stór spurning hvort þá þurfi ekki að gilda um þau annars konar reglur en um aðra hluti,“ segir Smári. „Eins er vert að skoða hvaða ávinningur felst í bættu aðgengi fólks að menningu. Hver veit nema næsti Bach, Shakespeare eða Einstein leynist einhvers staðar í Mið-Afríku eða fátæku héraði Asíu. Væri það ekki synd að fólk með mikla hæfileika fengi ekki að þroska þá og móta sem skyldi, og skapa ný verk fyrir okkur hin, því búið er að reisa með lögum múra sem gera fólk í mörgum löndum ókleift að nálgast, kaupa með löglegum hætti eða vinna áfram með þá menningu og rannsóknir sem á undan hafa komið?“

Smári segir að ekki megi heldur gleyma að jafnvel löghlýðnustu borgarar verða að glæpamönnum þegar reglurnar verða óeðlilegar og óskynsamlegar. „Hvað gerist ef fólk þarf að hoppa í gegnum tíu hringi til að kaupa t.d. þátt eða kvikmynd, bíða svo jafnvel í nokkra daga eða vikur eftir sendingunni? Svo er diskurinn settur í tækið og það fyrsta sem kemur á skjáinn er mínútuþöng viðvörðun um hvað neytandinn er vondur ef hann hefur einhverntíma halað mynd niður ólöglega. Búið er að reisa múra sem gera það að verkum að það er á allan hátt auðveldara og á margan hátt skynsamlegra að taka efni ólöglega af netinu en að hafa fyrir því að kaupa efnið löglega,“ segir Smári. „Og jafnvel ef fólk vill vera löghlýðið, eins og t.d. foreldrarir sem kaupa iTunes-inneignarkort handa börnunum sínum, svo þau séu ekki að hlada niður ólöglega – þá er fólk samt að brjóta lögin, því strangt til tekið má ekki kaupa til Íslands tónlist sem seld er af bandarísku vefverslun iTunes. Það er óneitanlega skondið að jafnvel ef fólk vill gera allt löglega þá vill lagaumgjörðin ekki leyfa það.“

Verri og færri lyf vegna einkaleyfa?

## Rannsakendur í spennitreyju

Eitt flóknasta vafaatriðið í umráðunni um einkaleyfarétt er réttur lyfjafyrirtækja. Þróun lyfja er jú kostnaðarsöm og mætti halda að ef lyfjaframleiðendur er tryggður sterkur tekjuggunnur stuðli það að nýjum uppgötvunum. Smári segir því miður margt benda til að einkaleyfkerfið komi þvert á móti í veg fyrir nýjar lækningar. „Við gerð nýrra lyfja er nær alltaf unnið út frá rannsóknum og lausnum sem þróaðar hafa verið áður. Bæði eru lyfín oft byggð á þekkingu sem orðið hefur til í rannsóknarháskólum, og þannig hefur verið greitt fyrir hana af almannafé, en svo rekast rannsakendur oft á einkaleyfamúraog þurfa að taka úr þróunarvinnunni efnasambönd og aðferðir sem aðrir eiga réttinn á. Jafnvel þótt útkoman gæti orðið miklu betra lyf þá skapar flókið umhverfi einkaleyfa nær óyfir- stíganlega hindrun.“



Reuters